

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 14. maí 2020

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010 (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð)

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 30. apríl sl. Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um mannvirki í því skyni að einfalda regluverk byggingarmála og gera það skilvirkara sem hefur í för með sér lægri byggingarkostnað.

SA taka undir allar athugasemdir sem koma fram í umsögn Samtaka iðnaðarins um málið. Frumvarpið er stórt skref við einföldun regluverks byggingarmála og ber að fagna en sérstakar framfarir felast í því að eftirlit verði breytilegt eftir flokkun mannvirkja. Að mati SA er nauðsynlegt að efla rafræna stjórnsýslu og með frumvarpinu eru lagðar til breytingar í þá átt sem SA telja gríðarlega réttarbót. Núverandi fyrirkomulag er tímaskekkja.

Að mati SA er mikilvægt að frumvarpið verði að lögum svo skjótt sem mögulegt er.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir